

Stjórnarfundur í Geðhjálp 17.12.20 kl. 16:30

Mætt: Héðinn Unnsteinsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Hlynur Jónasson, Einar Kvaran, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Kristinn Tryggvi Gunnarsson og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð.

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri og Sigríður Gísladóttir, fráfarandi stjórnarmaður sem situr fundinn án atkvæðisréttar

1. Fundargerð frá 26.11.2020

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta fundar.

2. Breytingar á stjórn

Sigríður Gísladóttir segir sig úr stjórn Geðhjálpar. Hlynur Jónasson tekur sæti hennar. Elín Ebba Ásmundsdóttir gefur kost á sér sem varaformaður í stað Sigríðar, og nýtur hún einróma stuðnings stjórnarinnar.

Klukkan 16:42 tekur Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir sæti á fundinum.

3. Mannréttindi – prófmál (HU)

Geðhjálp hafa borist allmargar fyrirspurnir og erindi um réttindamál í geðheilbrigðisþjónustunni, varðandi m.a. nauðungarvistanir og sviptingar. Lagt er til að veita Helgu Baldvins Bjargardóttur fjárveitingu fyrir 10 klst. vinnu við prófmál þar sem verður látið reyna á útfærslu lögræðislaganna. Útkoman úr slíku máli myndi gagnast almennt í baráttunni fyrir umbótum á réttindum skjólstaðinga geðheilbrigðiskerfisins. Helgu verði jafnframt falið að skrifa greinargerð til Geðhjálpar um málið. Stjórn samþykkir tillöguna.

4. Árið sem er að liða og starfið á komandi ári (HU)

Formaður þakkar stjórn fyrir farsælt samstarf á liðnu ári og Sigríði Gísladóttur fráfarandi stjórnarmanni sérstaklega fyrir hennar framlag.

Klukkan 17:17 tekur Sveinn Rúnar Hauksson sæti á fundinum.

5. Önnur mál

Lagt er til að Einar Kvaran taki sæti í samráðshópi geðsviðs Landspítalans um þróun þjónustunnar í stað Eiríks Örn Theódórssonar. Samþykkt einróma.

Rætt er um fjármögnun á niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu sbr. 4. aðgerðina í áttakinu 39.is. Nú stendur yfir afgreiðsla fjárlaga á Alþingi og stjórn Geðhjálpar ítrekar að hugað verði að því að staðið verði við að fullfjármagna niðurgreiðsluna strax á næsta ári.

Fundi slitið kl. 17:31

Stjórn Geðhjálpar
Halldór Auðar Svansson
Elín Ebba Ásmundsdóttir
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Hlynur Jónasson
Einar Kvaran
Sveinn Rúnar Hauksson